



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2011
Mál nr. 1102002

Efni: Umsögn um Orkustefnu fyrir Ísland

Orkustofnun hefur óskað eftir athugasemdum við drög að Orkustefnu fyrir Ísland, sem sett hefur verið fram á vefsíðunni www.orkustefna.is.

Þegar horft er til þess að þetta er í fyrsta sinn sem búin er til heildstæð orkustefna fyrir Ísland, þá er mikilvægt að einnig liggi fyrir hver sé atvinnu- og fjárfestingastefna Íslands. Orkumálin eru nátengd atvinnustefnu stjórnvalda hverju sinni. Til þess að móta raunhæfa orkustefnu þarf því að vera hægt að máta hana við stefnu stjórnvalda í atvinnumálum.

Í drögum að orkustefnunni segir t.d. í 10.3.1:

„Að sama skapi má spara eldsneyti í skipaflotanum með ýmis konar bestunartækni, til dæmis vél- og hugbúnaði og léttari veiðarfærum. Skv. áður nefndri skýrslu umhverfisráðuneytisins ætti að vera hægt að draga úr eldsneytisnotkun fiskiskipa um 5-10% með sparnaðaraðgerðum eingöngu, en slíkar aðgerðir myndu skila hreinum þjóðhagslegum hagnaði. Skv. sömu skýrslu ætti að vera hægt að skipta út töluverðu magni af svartolíu og dísilolíu fyrir jurtaolíu, en slíkar aðgerðir myndu þó kosta eitthvað“.

Þetta er ekki rökstutt frekar í skýrslunni, en gefur í skyn að þetta sé raunhæfur möguleiki í dag.

Dæmi má nefna þar sem óvarlega er farið í fullyrðingar um óraunhæfa valkosti, er heilsíðugrein í Morgunblaðinu 18. september 2010. Þar var fullyrt með stórum stöfum: „Risaverksmiðja í pípunum. Mitsubishi undirbýr stórfellda framleiðslu á gervieldsneyti á Grundartanga. Framkæmdir upp á 58 milljarða króna. Mun sjá fiskiskipaflotanum fyrir eldsneyti“. Í blaðagreininni var vitnað til starfsmanns Orkustofnunar um hvernig nota mæti þetta eldsneyti á fiskiskip. Nokkrum dögum síðar eða 24. september 2010 sendum við Orkustofnun erindi þar sem spurt var um hvort að raunveruleg athugun hafi verið gerð, sem og hvaða kosti og galla þessi aðferð hafi í för með sér, enda miklir möguleikar til orkusparnaðar fyrir hendi ef þetta væri raunverulegur möguleiki fyrir fiskiskipaflotann. Því miður er það svo að óraunhæft er að nota þann orkugjafa sem hér er vísað til á fiskiskipaflotann.

Annað sem kemur reglulega fram í skýrslunni er:

„Skattar og gjöld á bíla, skip og eldsneyti hvetji til aukinnar skilvirkni í orkunýtingu.“ Það segir sig sjálf að skattar og gjöld hvetja til sparnaðar. Olíuverð hefur verið síðastliðin misseri í sögulegu hámarki og hafa menn í sjávarútvegi verið að leita allra raunhæfra leiða til að lágmarka orkunotkun í mörg ár. Mikilvægt er í umræðu um aukna skattlagningu að hún sé byggð á réttum forsendum. Óhófleg skattheimta dregur úr krafti atvinnugreinarinnar til uppbyggingar og nýsköpunar.

Það vekur athygli að ekki hafi verið leitað til fyrirtækja í sjávarútvegi til að fá upplýsingar varðandi orkunotkun og það sem gert er til að minnka orkunotkun. Mikilvægt er við þessa stefnumótunarvinnu að þeir sem koma að henni séu í góðum tengslum við greinina.

Íslenskur sjávarútvegur er í harðri samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum og hefur greinin sjálf lagt mikla áherslu á hagkvæmni og góða nýtingu á öllum sviðum, þmt. orkunýtingu. Fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt mikið á sig við þessa vinnu og hafa ýmsar nýjungar orðið til þess að ná fram miklum orkusparnaði. Það skiptir öllu máli að heildstæð orkustefna fyrir Ísland styðji við það að atvinnugreininni séu búin góð skilyrði til rekstrar. Stjórnvöld hvetji ekki aðeins í orði til betri orkunýtingar. Röng skattastefna leiðir til óþarfa fjárfestinga, sóunar og dregur úr nýsköpunarkrafti greinarinnar.

Virðingarfyllst,



Friðrik Friðriksson, hdl.